

REIKNINGUR

Líknarsjóðs Margrétar Árnadóttur, Alviðru.

Rekstrarreikningur 1979.**Gjöld :**

Gjöf til Sjúkrahúss Suðurl. í félagi við Kvenfél. Selfoss, keypt augn- skoðunartæki	kr.	650 000
		<hr/>
	kr.	650 000

Tekjur :

Vextir af sparisjóðsbók 12445	kr.	115 357
Vextir af vaxtaaukareikningi 1255	—	469 010
Tekjuhalli	—	65 633
		<hr/>
	kr.	650 000

Efnahagsreikningur pr. 31.12. 1979.**Eignir :**

Sparisjóðsbók 12445	kr.	496 558
Vaxtaaukareikn. 1255	—	1 469 010
		<hr/>
	kr.	1 965 568

Skuldir :

Höfuðstóll	kr.	1 000 000
Tekjuafgangur frá f. árum	kr.	1 031 201
Tekjuhalli 1979	—	65 633
		<hr/>
	kr.	1 965 568

Selfossi 9. febrúar 1980.

f. h. Kvenfélags Selfoss

Arndís Þorbjarnardóttir vörslum. sjóðsins

Nr. 198.

27. febrúar 1980.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir minningarsjóð Ómars Berg Ásbergssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 27. febrúar 1980.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Ómars Berg Ásbergssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir minningarsjóður Ómars Berg Ásbergssonar.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 24. nóvember 1979 til minningar um Ómar Berg Ásbergsson, er lést af slysförum 26. október 1979.

Hann var fæddur 24. nóvember 1958. Stofnendur sjóðsins eru aðstandendur Ómars.

Stofnframlag er kr. 500 000 sem lagt er fram af fjölskyldu og ættingjum Ómars.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru a) vextir b) áheiti c) aðrar tekjur.

4. gr.

Sjóðinn skal ávaxta á þann hátt, sem stjórn hans telur heppilegast hverju sinni. Höfuðstól sjóðsins kr. 500 000 skal aldrei skerða.

5. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja efnilegan nemanda, að mati sjóðsstjórnar, sem er við tónlistarnám, og/eða til hljóðfærakaupa, sem komi til með að stuðla að aukinni tónlistarmenningu í Þorlákshöfn.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skulu skipa 3 ættingjar Ómars. Stjórn sjóðsins skal halda gjörðabók fyrir sjóðinn, og færa í hana skipulagsskrá þessa, tekjur, fjárveitingar og allt annað er viðkemur sjóðnum. Stjórn sjóðsins skal ákveða hvenær úthlutun hefst úr sjóðnum.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Endurskoðun reikninga skal árlega gerð af hæfum og óvilhöllum mönnum.

8. gr.

Leitað skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Nr. 199.

REIKNINGAR

sjóða tengdum Minningarsjóði Landspítala Íslands 1979.

Minningargjöf um Hans Natansson og Kristínu Þorvarðardóttur.

Eignir:

Innstæða í Söfnunarsjóði aðaldeild nr. 456 kr. 59 642

Kr. 59 642

Skuldir:

Hrein eign 1/1 1979 kr. 49 291

Vaxtatekjur 1978 — 10 351

Kr. 59 642

Minningargjöf um Jóhann Guðmundsson og börn hans: Stefán, Ólafíu, Elísabetu, Sveinbjörn og Steinunni.

Eignir:

Innstæða á vaxtaaukareikn. nr. 510591 Búnaðarbanka Ísl. kr. 103 658

Kr. 103 658